

Grundarfjarðarbær
Borgarbraut 16
350 Grundarfirði

Hvanneyri, 22. október 2025
202510-0015/S.p.
08.01

Efni: Umsögn – Lýsing - Rammahluti aðalskipulag Grundarfjarðar 2019 -2029 - - Rammahluti fyrir blágrænar ofanvatnslausnir og almenningsskými, Grundarfjarðarbær.

Vísað er til erindis Grundarfjarðarbæjar er barst 2. október 2025 þar sem óskað er umsagnar Náttúruverndarstofnunar um skipulagslýsingu rammahluta fyrir blágrænar ofanvatnslausnir og almenningsskými í aðalskipulagi Grundarfjarðar 2019-2039.

Í greinargerð kemur fram að skipulagslýsingin sé sett fram fyrir gerð blágræns ofanvatnsskipulags, sem verður rammahluti Aðalskipulags Grundarfjarðar 2019-2039 og um leið stefnumótun fyrir þróun almenningsskýma í bænum. Verkefnið er liður í framfylgd stefnu aðalskipulagsins um innleiðingu blágrænna ofanvatnslausna í öllum bænum m.a. til að auka seiglu bæjarins gagnvart loftslagsbreytingum. Rammahlutinn mun leggja línurnar fyrir skipulag og framkvæmdir í almenningsskýmum bæjarins, með bindandi skipulagsákvæðum sem nauðsynleg eru fyrir skilvirka meðhöndlun ofanvatns.

Markmiðið er að flétta blágræna innviði sem geta tekið við og veitt ofanvatni á yfirborði saman við almenningsskými og aðra græna innviði Grundarfjarðarbæjar. Þetta mun gera bæinn grænni, meira aðlaðandi og þóknari gagnvart loftslagsbreytingum, auk þess sem mengun er hreinsuð úr ofanvatninu áður en það rennur út í sjó.

Verndun Breiðafjarðar

Breiðafjörður er friðaður samkvæmt lögum nr. 54/1995 um vernd Breiðafjarðar. Í 6. gr. laganna kemur fram við gerð skipulagsáætlana innan friðunarsvæðisins skulu sveitarfélög leita umsagnar Breiðafjarðarnefndar og að í skipulagsáætlunum beri að taka tillit til verndaráætlunar Breiðafjarðarnefndar.

Einnig kemur fram að framkvæmdir séu heimilar að ákveðnum skilyrðum uppfylltum, en einungis að þær valdi ekki spjöllum á náttúruminum eða lífríki.

Mikilvægt fuglasvæði

Breiðafjörður er á skrá yfir alþjóðlega mikilvæg fuglasvæði (IBA)¹ vegna sjófuglabýggða og vegna fjara og grunnsævis.

Strandlengjan undan þéttbýli Grundarfjarðar er hluti af Breiðafirði sem er víðfeðmt og mikilvægt fuglasvæði. Þar verpa og hafa viðkomu fjölmargar tegundir votlendis- og strandfugla, m.a. æðarfugl, tjaldur, spói og lóur sem eru ábyrgðartegundir Íslands² og njóta friðunar samkvæmt lögum nr.

¹ <https://www.natt.is/is/dyr/fuglar/mikilvaeg-fugasvaedi>

² <https://www.natt.is/is/midlun/utgafa/natturuminjaskra/forgangstegundir-fugla>

64/1994 um vernd villtra fugla. Því ber að lágmarka allt mögulegt rask á leirum og fjörum á svæðum sem eru mikilvæg búsvæði því slíkt getur haft bein áhrif á varp- og fæðusvæði fugla.

Náttúruverndarstofnun bendir á að forðast ber allar framkvæmdir, rask og umferð á varptíma fugla við fjörur/strandsvæði og á óbyggðu svæði innan skipulagsmarka þéttbýlis sveitarfélagsins, sbr. skipulagslýsingu.

Vistgerðir

Náttúruverndarstofnun bendir á að samkvæmt vistgerðarkorti Náttúrufræðistofnunar³ eru innan skipulagssvæðisins m.a. vistgerðirnar Starungsmýravist og Gulstaraflóavist sem eru með mjög hátt og verndargildi og eru á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfnast verndar.

Í starungsmýravist getur verið ríkt fuglalíf og er algengt að mófuglategundirnar lóupræll, spói, þúfuttittlingur, hrossagaukur, jaðrakan og stelkur nýti slíka vistgerð til varps.

Náttúruverndarstofnun bendir á að mikilvægt sé að skrá og kortleggja vistgerðir sem finnast innan skipulagssvæðisins þar sem fram koma uppl. um verndarstöðu og fuglalíf á svæðinu og að við mögulegar framkvæmdir á svæðinu verði þess gætt að þeim verði ekki raskað.

Líffræðilegur fjölbreytileiki

Sveitarfélög gegna lykilhlutverki í verndun náttúrunnar. Þau standa nær samfélaginu og hafa áhrif á mörg þau stjórntæki sem skipta máli fyrir líffræðilega fjölbreytni svo sem skipulag, leyfisveitingar og landnýtingu.

Ný stefna stjórnvalda leggur áherslu á að líffræðileg fjölbreytni verði samþætt í alla ákvarðanatöku með vistkerfisnálgun að leiðarljósi. Það krefst virkrar þátttöku sveitarfélaga sem geta með markvissri stefnumótun og samstarfi við náttúrustofur tryggt að nýting og vernd fari saman.

Náttúruverndarstofnun telur mikilvægt að sveitarfélagið setji sér skýra stefnu um verndun og endurheimt á líffræðilegum fjölbreytileika í þeirri skipulagsáætlun sem hér er lögð fram. Líffræðileg fjölbreytni nær yfir allar tegundir dýra, plantna, sveppa og annarra lífvera og þann breytileika sem er milli einstaklinga sömu tegundar og erfðaefnis þeirra. Líffræðileg fjölbreytni fjallar einnig um búsvæði allra lifandi lífvera og þau vistkerfi og vistgerðir sem þær mynda og sjálfbæra nýtingu lifandi náttúru.

Skipulagsáætlanir sveitarfélagsins gegna veigamiklu hlutverki, sem verkfæri, í verndun og endurheimt á líffræðilegum fjölbreytilega, bæði innan sveitarfélagsins og utan.

Í skipulagsáætluninni er hægt að setja fram stefnu og markmið um rannsóknir, vöktun og skráningu, vernd og endurheimt tegunda og svæða, endurheimt og vernd votlendis, eyðingu ágengra tegunda svo eitthvað sé nefnt.

Vatnshlot

Náttúruverndarstofnun bendir á ákvæði 28. gr. laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála sem kveður m.a. á um að opinberar áætlanir á vegum stjórnvalda, svo sem vegna skipulagsmála, skulu vera í samræmi við þá stefnumörkun um vatnsvernd sem fram kemur í Vatnaáætlun Íslands 2022-2027.⁴ Stofnunin

³ <https://vistgerdakort.ni.is/>

⁴ [https://ust.is/library/sida/haf-og-vatn/Vatna%C3%A1%C3%A6tlun%202022-2027%20-%20Copy%20\(1\).pdf](https://ust.is/library/sida/haf-og-vatn/Vatna%C3%A1%C3%A6tlun%202022-2027%20-%20Copy%20(1).pdf)

telur mikilvægt að fyrir liggi mat á áhrifum framkvæmdarinnar á vatnshlot. Umhverfis- og orkustofnun hefur unnið leiðbeiningar um gerð áhrifamats áætlana á vatnshlot.⁵

Virðingarfyllst,

Skúli Þórðarson
verkefnastjóri
Axel Benediktsson
sérfræðingur

⁵ https://ust.is/library/sida/haf-og-vatn/Lei%3%b0beiningar%20um%20%c3%a1hrifamat%20fyrir%20vatnshlot_%c3%9atg.1_Desember%202024.pdf